

Nd.

111. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganeftdar til að endurskoða fátækralöggjöfina og undirbúa löggjöf um almennar tryggingar.

Flm.: Thor Thors, Jóhann Jósefsson, Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Jón Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna millipinganeftnd til þess að endurskoða fátækralöggjöfina og undirbúa löggjöf um almennar tryggingar. Skal hver þingflokkanna eiga rétt á að tilnefna einn mann í nefndina, en atvinnumálaráðherra tilnefnir formann nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nefndin skal ólaunuð.

Greinargerð.

Nauðsyn almennrar tryggingarlöggjafar hefir verið rædd á Alþingi á undanförunum árum og grein gerð fyrir henni. Jafnframt hefir nokkuð verið lýst aðgerðum annara þjóða í þessum efnun. Er því óþarft að vika að þessu hvoru-veggja nokkuð nánar að svo stöddu.

Núverandi stjórnarflokkar hafa ákveðið að undirbúa löggjöf þá, er þingsályktun þessi tekur til. Þar sem slík löggjöf er afarviðtæk og skiptir alla þjóðina hinu mesta máli, enda æskilegt, að svo takist um setningu hennar í öndverðu, að til frambúðar megi standa, þykir ráðlegt, að allir þingflokkar starfi að undirbúningi löggjafarinnar. Mundi það og flýta afgreiðslu málsins mjög á þingi og koma í veg fyrir óþarfa flokkastreitu um mál, sem samkv. eðli sínu hlýtur mjög að hvíla á þegnskap og þjóðfélagskennd allra landsmanna.